

Kennsluáætlun í dönsku

Veturinn 2024/2025

7. bekkur

2 kennslustundir á viku

Waldorfskólinn Sólstafir

Kennari: Magnea Guðrún Gunnarsdóttir

Markmið:

Að nemandi

- getur lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum, áhugamálum og kennsluefni
- getur fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- getur tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar
- getur lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi
- getur samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda og lesið upp
- fái innsýn í danska menningu og samfélag.

Kennsluefni:

START lestrarbók bls 18-40, vinnuhefti og hlustunaræfingar tengt þeim bls. Unnið með tímann; vikuna, klukkuna, árstíðarnar, fjölskylduna og heimilið. Spil og leikir.

Hæfniviðmið fyrir 7. bekk

- Má sjá á heimasíðu skólans og í Aðalnámskrá grunnskóla en eru m.a. að nemandi;
- getur átt góð samskipti, skilið það mál sem notað er í kennslunni og tekið þátt í samræðum og hópastarfi og nýtt sér þekkingu sína í tungumálinu í kennslustund
 - getur haft frumkvæði í eigin vinnuferli og nýtt sér ýmsar bjargar við að leita lausna og komast að niðurstöðu af sjálfsdáðum út frá þekkingargrunni
 - getur sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir því hvar hann stendur og beitt aðferðum til að skipuleggja sig í námi sínu með aðstoð kennara
 - getur nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu

Námsmat:

Hlustun og þátttaka í tímum

Vinna í vinnubók

Áhugi, frumkvæði og framfarir

Samskipti og samvinna